



Forsætisnefnd

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hæfi borgarfulltrúans Magnúsar Davíðs Norðdahl.

Á fundi borgarráðs þann 21. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Líkt og fram kom í fjölmiðlum í gær, 20. september, er það áhyggjuefni að borgarfulltrúinn Magnús Davíð Norðdahl, formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs og nefndarmaður í velferðarráði, hafi leitast við að dylja hagsmuni sína í málefnum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd með því að geta þess í engu að hann sé launaður fyrirsvarsmaður fólks í þeirri stöðu. Borgarfulltrúinn getur trauðla setið í þeim tveim ráðum Reykjavíkurborgar sem fjalla hvað mest um málefni þess fólks. Óskað er því eftir álit borgarlögmans um hæfi borgarfulltrúans og hvort eðlilegt sé að skipa borgarfulltrúann í þá stöðu að draga megi óhlutdrægni hans í efa. Því markmið okkar hlýtur að vera að stuðlað sé að vandaðri ákvörðunartöku, trúverðugleika og því að stjórnýsla sveitarfélagsins sé hlutlæg og málefnaleg. MSS22060124

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar forsætisnefndar, en í 50 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að nefndin fjallar um málefni kjörinna fulltrúa auk þess sem henni ber að fjalla um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað. Á sama fundi var lögð fram önnur fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun fjármuna og bókanir vegna málefna flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði og velferðarráði og er lagt fram svar við henni samhliða svari þessu. Svar þetta er unnið af skrifstofu borgarstjórnar sem ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa, þar með talið lögfræðilega ráðgjöf vegna hæfis auk þess sem skrifstofan hefur umsjón með reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Borgarfulltrúinn Magnús Davíð Norðdahl er, eins og fram kemur í fyrirspurninni, formaður mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs og á sæti í velferðarráði.

Hæfi kjörinna fulltrúa

Í því máli sem fjallað er um í fyrirliggjandi fyrirspurn, virðist vísað til þess að störf borgarfulltrúans Magnúsar Davíðs Norðdahl sem eigandi lögmannsstofu og starfandi lögmaður flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd leiði til þess að hann geti ekki tekið sæti í þeim ráðum ráðum og nefndum sem „fjalla hvað mest um málefni þess fólks“, en nánari tilgreiningu né skýrgreiningu á vanhæfisástæðum er ekki að finna í fyrirspurninni.



Samkvæmt upplýsingum frá borgarfulltrúanum sem var aflað við vinnslu svars þessa er hann einn eigenda lögmannsstofunnar Norðdahl, Narfi & Silva ehf. og hefur sem slíkur aðkomu að rekstri stofunnar en hefur þó alfarið látið af málflytningi fyrir dómstólum eftir að hann tók sæti í borgarstjórn sumarið 2022

Ákvæði sveitarstjórnarlaga og stjórnarsýslulaga um sérstakt hæfi.

Reglur um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna byggjast í öllum meginatriðum á 20. gr. sveitarstjórnarlaga. Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram að um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélaga til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnarsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögunum sjálfum. Í öðrum tilvikum en þegar til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun, ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Tilgangur hæfisreglna er fyrst og fremst að koma í veg fyrir að persónulegir hagsmunir starfsmanns hafi áhrif á niðurstöðu máls í opinberri stjórnarsýslu. Í því ljósi er minnt á að sumar af þeim vanhæfisástæðum sem mælt er fyrir um í lögum eru skýrar s.s. þegar sveitarstjórnarmaður er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila, þá ber honum ávallt að víkja sæti. Aðrar vanhæfisástæður eru aftur á móti þess eðlis að þær þarf að túlka og beita í framhaldi af mati á þeim sérstöku ástæðum sem við eiga í hverju máli fyrir sig. Meta þarf hvort þau hagsmunatengsl sem eru fyrir hendi leiði til vanhæfis í hverju tilviki um sig, enda leiða ekki allir hagsmunir til vanhæfis í þessu tilliti og þá þarf einnig að vera hægt að sýna fram á að tengsl viðkomandi við þá hagsmuni sem um er að tefla séu nægilega rík.

Eins og fram kemur í umfjöllun um hæfi sveitarstjórnarmanna í ritinu Sveitarstjórnarréttur eftir Trausta Fannar Valsson, þarf að vera hægt að sýna fram á það, hlutrænt séð, að tilteknir hagsmunir sveitarstjórnarmanns séu í reynd fyrir hendi. Vangaveltur um hagsmunatengsl eða yfirlýsingar um slíkt, til dæmis á pólitískum vettvangi, leiða því ekki til vanhæfis einar og sér. Í öðru lagi leiða stjórnsmálaskoðanir manna og aðrar lífsskoðanir þeirra sjaldan til vanhæfis á grundvelli reglna um sérstakt hæfi í stjórnarsýslu. Hefur þetta sérstaka þýðingu á sveitarstjórnarstiginu þar sem fulltrúar eru iðulega kjörnir til starfa vegna tiltekinna pólitískra sjónarmiða og áherslna. Í þriðja lagi verða þeir hagsmunir sem um ræðir að teljast bæði sérstakir og verulegir enda geta almennir hagsmunir sem sveitarstjórnarmaður kann að hafa af niðurstöðu máls, ekki leitt til vanhæfis.¹

Réttur kjörinna fulltrúa til að stunda atvinnu

Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa eins og fram kemur í 75. gr. stjórnarskrárinnar. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess. Það á ekki við um kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum enda tryggir 33. gr. sveitarstjórnarlaga m.a. atvinnufrelsi kjörinna fulltrúa. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir þá aðstöðu að þeim sem ákveður að taka þátt í sveitarstjórnarstörfum verði sagt upp vinnu af þeirri ástæðu einni. Það er svo á ábyrgð kjörinna fulltrúa sjálfra að gæta að því að önnur störf þeirra, hvort sem um er að ræða launuð eða ólaunuð störf, hafi ekki áhrif á hæfi þeirra til að sinna sveitarstjórnarstörfum sbr. ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Málaflokkur flóttafólks

Lög um útlendinga nr. 80/2016 fjalla um heimild útlendinga til að koma til landsins, dvöl þeirra hér og rétt til alþjóðlegrar verndar. Samkvæmt 4. gr. laganna fer ráðherra með yfirstjórn

¹ Sveitarstjórnarréttur bls.96-98, Trausti Fannar Valsson 2014.



laganna en Útlendingastofnun, kæruneftnd útlendingamála, lögregla, sýslumenn, Þjóðskrá Íslands og önnur stjórnvöld annast framkvæmd þeirra. Samkvæmt þessum ákvæðum laganna hafa sveitarfélög ekki aðkomu að þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í lögnum og fjalla um grundvöll fyrir alþjóðlegri vernd erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra einstaklinga sem eiga þann rétt samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum íslenskra stjórnvalda. Meginmarkmið laga um útlendinga er að tryggja mannúðlega og skilvirka meðferð stjórnvalda í málefnum útlendinga hér á landi ásamt því að kveða á um réttarstöðu og tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, sækja um dvalarleyfi eða dveljast hér á landi.

Verksvið velferðarráðs og mannréttinda og ofbeldisvarnarráðs

Velferðarráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið, staðfestri í borgarstjórn 18. júní 2019, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Velferðarráð fer með verkefni félagsmálanefndar skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Jafnframt fer velferðarráð með verkefni húsnæðisnefndar skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998. Velferðarráð skal móta stefnu í velferðarþjónustu, svo sem félags-, heilbrigðis-, húsnæðis- og öldrunarmálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs um verksvið þess. Velferðarráð er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði velferðarmála og velferðarþjónustu og er í fyrirsvari af borgarinnar hálfu á sviði velferðarmála. Það gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun á sviði félagsþjónustu og húsnæðismála í Reykjavík, fylgir jafnframt eftir framkvæmd laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Að öðru leyti er vísað til ákvæða 2. og 3. gr. samþykktar fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar þar sem fjallað er um verksvið og verkefni ráðsins.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð mótast stefnu í mannréttinda- og ofbeldisvarnarmálum tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 150/2020 og önnur verkefni á sviði mannréttindamála í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðlar þannig að bættum mannréttindum borgarbúa. Að öðru leyti er vísað til ákvæða 2. og 3. gr. samþykktar fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar þar sem fjallað er um verksvið og verkefni ráðsins.

Eins og fram kemur hér að ofan fara hvorki velferðarráð né mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð með nokkuð lögbundið hlutverk samkvæmt lögum um útlendinga né tengist verksvið ráðanna nokkrum einstaklingsmálum flóttamanna sem gætu tengst skjólstaðingum borgarfulltrúans Magnúsar Davíðs Norðdahl í störfum hans sem lögmanns. Snertiflötur lögmannsstarfa borgarfulltrúans er reyndar vandfundinn þegar ákvæði laga um útlendinga og samþykktir ráðanna eru skoðaðar og þar sem nánari skýringar á mögulegum vanhæfisástæðum er ekki að finna í fyrirspurninni sjálfri, hefur ekki verið unnt að skoða málið frá öðrum sjónarhóli en með því að rýna formlegt hlutverk viðkomandi ráða m.t.t. eðlis starfa lögmannsstarfa borgarfulltrúans.

Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.



Í fyrirspurninni er vísað til umfjöllunar fjölmiðla 20. september sl. en eftir því sem næst verður komist er þar verið að vísa til einnar greinar á mbl.is þar sem fjallað er um „gagnrýni vegna þess að Magnús Davíð Norðdahl, lögmaður og borgarfulltrúi Pírata, sitji beggja vegna borðs sem eigandi lögmannsstofu og borgarfulltrúi á sama tíma.“ Ekki hefur fundist umfjöllun í fleiri fjölmiðlum. Í greininni kemur m.a. fram að borgarfulltrúar geta birt ítarlegt yfirlit yfir hagsmunum sína á vef Reykjavíkurborgar og að athygli hafi vakið að hagsmunaskrá borgarfulltrúans sé óútfyllt. Í fréttinni kemur jafnframt fram að borgarfulltrúinn hafði talið sig hafa skilað upplýsingum í hagsmunaskrá eftir kosningar 2022.

Reykjavíkurborg er útgefandi fjármálagerninga sem eru til sölu á skipulegum fjármálamarkaði og ber því lögum samkvæmt að hafa starfandi regluvörð sem hefur umsjón með að reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja sé fylgt. Á fundi borgarráðs 15. september 2016 voru reglur um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga samþykktar og öðluðust þær gildi sama dag. Þær voru uppfærðar með samþykki borgarráðs þann 24. maí 2018. Reglurnar voru settar í samræmi við ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglur Fjármálaeftirlitsins Seðlabanka Íslands nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Tilgangur og markmið reglnanna er að tryggja að meðferð innherjaupplýsinga hjá Reykjavíkurborg sé í samræmi við lög og reglur sem gilda á verðbréfamarkaði. með vísan til ofangreinds er það lögbundin skylda borgarfulltrúa að skila inn þrenns konar lögbundinni skráningu til regluvarðar Reykjavíkurborgar:

- Innherjaskráning
- Auðkenning vegna fjármálastjórnar
- Viðskipti tengdra aðila skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006

Samkvæmt upplýsingum frá borgarfulltrúanum sem var aflað við vinnslu svars þessa sendi hann upplýsingar sem hann taldi vera hluta af skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar. Samkvæmt upplýsingum frá regluverði Reykjavíkurborgar bárust innherjaupplýsingar um skráningu fjárhagslegra hagnuna frá borgarfulltrúanum 12. september 2022 og 26. september 2022 auk auðkenningar vegna fjármálastjórnar og viðskipti tengdra aðila. Borgarfulltrúinn taldi að hann hefði með þessu uppfyllt skyldur sínar en yfirsást að eftir stóð að skila skrifstofu borgarstjórnar valkvæða skráningu sína á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar. Var bætt úr um leið og það kom í ljós, í september sl.

Niðurstaða

Með vísan til ofangreinds er talið að lögmannsstörf borgarfulltrúans Magnúsar Davíðs Norðdahl hafi ekki í för með sér að hann sé vanhæfur til að taka sæti og fjalla um málefni flóttamanna á vettvangi velferðarráðs/mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Borgarfulltrúanum ber að sjálfsögðu að gæta að hæfi sínu vegna mögulegra tengsla við einstaklinga sem eru aðilar að málum á vettvangi ráðanna og/eða sækja um styrki hjá Reykjavíkurborg, á sama hátt og allir kjörnir fulltrúar sem taka slíkar ákvarðanir á þeim vettvangi. Borgarfulltrúinn var kosinn til að taka sæti í borgarstjórn Reykjavíkur og uppfyllir öll kjörgengisskilyrði í ráð og nefndir Reykjavíkurborgar.

Ekki er séð að fyrir liggi nokkrar vísbendingar um það að tilteknir hagsmunir borgarfulltrúans til að hafa áhrif á niðurstöðu mála séu í reynd fyrir hendi. Athygli er jafnframt vakin á því að þeir hagsmunir sem um ræðir verða að teljast bæði sérstakir og verulegir til að þeir geti leitt til vanhæfis.



Það telst jafnframt skýrt að eðlilegar ástæður eru fyrir því að engar upplýsingar var að finna í valkvæðri hagsmunaskráningu borgarfulltrúans á vef Reykjavíkurborgar. Skrifstofa borgarstjórnar mun vera í sambandi við regluvörð Reykjavíkurborgar og óska eftir samstarfi til að auðvelda skil borgarfulltrúa á þeim upplýsingum sem þeim ber að afhenda vegna innherjaskráningar annars vegar og valkvæðri skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Að lokum er forsætisnefnd bent á ákvæði 6. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga en þar kemur fram að sveitarstjórnarmaður, nefndarfulltrúi eða starfsmaður sveitarfélags sem veit hæfi sitt eða annars orka tvímælis skal án tafar vekja athygli oddvita, formanns nefndar eða næsta yfirmanns á því. Í greinargerð með frumvarpi til sveitarstjórnarlaga kemur m.a. fram að það er mikilvægt, þegar upp kemur vafi um hæfi einstaks eða einstakra sveitarstjórnarmanna, nefndarmanna eða starfsmanna að sú spurning sé tekin upp af viðeigandi aðila og afstaða tekin til álitaefnisins. Því er skylda sveitarstjórnarfulltrúa til að gera viðvart um mögulegt vanhæfi mikilvæg. Sú skylda hvílir einnig á oddvita að taka slíkt álitaefni upp á fundi að eigin frumkvæði, hafi annar ekki vakið máls á því, sé honum kunnugt um atvik sem tvímælis orka í þessu sambandi. Sveitarstjórnarlögin gera ekki ráð fyrir því að rannsóknir á hæfi einstakra borgarfulltrúa fari fram á vettvangi ráða og nefnda Reykjavíkurborgar í formi fyrirspurnar. Er þess óskað að forsætisnefnd taki málið til skoðunar og geri tillögu að ferli vegna ábendinga um mögulegt vanhæfi einstaka kjörinna fulltrúa.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar